

Reykjavík, 7. febrúar 2014

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
150 Reykjavík

Varðar: Breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, framlenging bráðabirgðaákvæðis neyðarlaga, 274. mál

SFF hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp. Tilgangur frumvarpsins er framlenging á ákvæði til bráðabirgða í lögum um fjármálafyrirtæki um heimildir FME um inngrip í rekstur fjármálafyrirtækja vegna sérstakra aðstæðna. Ákvæðinu er ætlað að gilda til loka árs 2015. Ákvæði þetta var hluti af svokölluðum neyðarlögum sem sett voru vegna efnahagshrunsins. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er ástæða framlengingarinnar sú að dregist hefur að smíða tilskipun á vettvangi Evrópusambandsins um skilameðferð fjármálafyrirtækja (e. Directive on Bank Resolution and Recovery). SFF gera ekki athugasemdir við framlengingu bráðabirgðaákvæðisins en leggja áherslu á að mikilvægt er að innleiða tilskipunina hér á landi sem fyrst þannig að fella megí bráðabirgðaákvæðið niður.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.